



FRAMKVÆMDALEYFI

Hér með er Vegagerðinni (kt. 680269-2899) veitt framkvæmdaleyfi fyrir:

Byggingu Vestfjarðavegar um Dynjandisheiði um Penningsdal ofan við Pennuá og upp fyrir Þverdalsvatn

Framkvæmdin felur í sér uppbyggingu Vestfjarðavegar á um 5,7 km leið. Leyfið er veitt með vísan í 13. og 14. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 6. og 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Um er að ræða uppbyggingu Vestfjarðavegar um Dynjandisheiði um Penningsdal ofan við Pennuá og upp fyrir Þverdalsvatn, um 5,7km leið. Í umsókninni er einungis verið að sækja um leyfi fyrir hluta framkvæmdar sem er í samræmi við gildandi aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018 og er óháð þeim valkostum sem lagðir hafa verið fram um Vatnsfjörð og Flókalund upp Penningsdal. Efni í framkvæmdina verður sótt í skeringar og meðfram vegi.

Patreksfirði, 24. ágúst 2020,

Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar

Eftirfarandi skjöl hafa borist:

- Teikningasett, dagsett júlí 2020 af 1. áfanga.
 Umsókn um framkvæmdaleyfi.

Umsókn móttokin: 10.7.2020

Útgáfa framkvæmdaleyfis var samþykkt á 350. fundi bæjastjórnar þann 19. ágúst 2020 þar sem eftirfarandi var bókað undir 1. Fundarlið:

Lagt fram erindi Vegagerðarinnar frá 10. júlí 2020 þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi til Vesturbyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir byggingu Vestfjarðavegar um Dynjandisheiði um Penningsdal ofan við Pennuá og upp fyrir Þverdalsvatn, um 5,7km leið. Álit Skipulagsstofnunar um heildarframkvæmdina liggur fyrir dagsett 3. júlí 2020. Í umsókninni er einungis verið að sækja um leyfi fyrir hluta framkvæmdar sem er í samræmi við gildandi aðalskipulag



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Vesturbyggðar 2006-2018 og er óháð þeim valkostum sem lagðir hafa verið fram um Vatnsfjörð og Flókalund upp Penningsdal. Efni í framkvæmdina verður sótt í skeringar og meðfram vegi. Meðfylgjandi umsókninni er framkvæmdalýsing og upprættir af fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum. Bæjarstjórn samþykkir að skipulagsfulltrúa verði heimilt að veita framkvæmdaleyfi sbr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010..

Gildistími leyfis: Gildistími leyfis er í fimm ár frá útgáfu leyfis.

Framkvæmdaleyfi þetta fellur úr gildi ef framkvæmdir hafa ekki hafist innan 12 mánaða frá dagsetningu þess.

Eftirlitsaðili framkvæmdar: Vesturbyggð

Falli til umtalsverður viðbótarkostnaður á sveitarfélagið vegna framkvæmdaleyfisins, áskilur sveitarfélagið sér rétt að krefjast viðbótargreiðslu við framkvæmdaleyfisgjald.